



Húsakönnun
Garðahverfi á Álftanesi
Desember 2016



GARÐABÆR

ATA

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Sagan	2
3.	Byggðin	5
3.1.	Aldur húsa.....	5
3.2.	Útlit húsa	6
3.3.	Horfin hús og mannvirki	6
4.	Varðveislumat	7
5.	Húsin	8

1. Inngangur


Eftirfarandi húsakönnun fjallar um Garðahverfi á Álftanesi og er unnin samhliða gerð deiliskipulags fyrir Garðahverfi. Samkvæmt skipulagslögum skal við gerð deiliskipulags í þegar byggðu hverfi leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð húsakönnunar. Könnunin er unnin í samvinnu ALTA og skipulagsstjóra Garðabæjar Arinbjarnar Vilhjálmssonar, arkitekts.

Niðurstaða húsakönnunarinnar er að varðveislugildi Garðahverfis sem heildstæðrar byggðar á fornum grunni sé afar mikið. Sú niðurstaða er samhliða niðurstöðu fornleifakönnunar frá árinu 2003. Varðveislugildi einstakra bæja, þ.e. íbúðarhúsa með útihúsum er sömuleiðis mikið vegna vel varðveitts yfirbragðs sveitabæja frá fyrri hluta 20. aldar.

Einstök hús hafa flest umtalsvert varðveislugildi og þá yfirleitt vegna menningarsögulegs gildis og umhverfis. Út frá sjónarmiði byggingarlistar hefur Garðakirkja mest varðveislugildi. Á bæjunum eru inn á milli byggingar sem láta ekki mikið yfir sér en fá hátt gildi við varðveislumat. Má þar taka sem dæmi braggann í Pálshúsum sem er frá stríðsárunum eða bæjarhúsin á Görðum sem eru gott dæmi um sveitabæ sem er byggður eftir teikningum frá Teiknistofu landbúnaðarins árið 1935.

Mikilvægt er að virða einkenni svæðisins og byggðarinnar um byggðamynstur, yfirbragð og ásýnd við endurnýjun og viðhald húsa, nýbyggingar eða viðbyggingar.

Athugunarsvæðið afmarkast að vestanverðu af Aukatjörn, Skógtjörn og fyrrum sveitarfélagamörkum Garðabæjar og Álftaness. Að norðanverðu afmarkast það af Garðavegi en þó er skógræktarsvæðið á Garðaholti, Græningarður og svæði umhverfis félagsheimilið Garðaholt tekið með. Að austanverðu er miðað við mörk deiliskipulagsins Hleina að Langeyrarmölum. Að sunnanverðu markast skipulagið af strandlínu. Afmörkunin er sýnd á eftirfarandi korti.



2. Sagan

Byggðin í Garðahverfi hefur lítið breyst um langt skeið. Garðar voru kirkjujörð sem hafði í kring um sig umfangsmikla hjáleigubbyggð á 15.-18. öld. Um 1800 var því sem næst allt land Garðasóknar í eigu kirkjunnar eða krúnunnar. Garðar voru svokallað gæðabrauð sem nutu góðs af nálægð sinni við Bessastaði og var Garðasókn ellefta tekjuhæsta sóknin á landinu af 179 sóknum árið 1737. Á Álftanesi voru þá tvö megin höfuðból, Garðar og Bessastaðir. Höfuðbólin töldust bæði til Álftaneshrepps allt til 1878 þegar þeim var skipt í Garðahrepp og Bessastaðahrepp. Önnur lögbyli árið 1703 voru Hausastaðir, Bakki og Dysjar en auk þess var búið á Pálshúsum, Nyabæ, Miðengi, Ráðagerði, Móakoti, Hlíð, Koti og Hausastöðum¹.

Þrátt fyrir þá miklu fækkun fólks sem varð á Íslandi á 18. öld þá fjölgaði í Garðahverfi um þriðjung á öldinni. Það endurspeglar þá búsetuþróun sem þá átti sér stað á Íslandi þar sem fólk flyktist úr sveitunum til sjávarsíðunnar. Þannig hélt fjöldi lögbýla og hjáleiga stöðugur en tómthúsum fjölgaði mikið.

Hjáleigubæir við Garða voru flestir smáir og jafnvel mörg heimili á hverjum þeirra. Fjöldi býla hefur tekið litlum breytingum í gegnum tíðina og bæjarstæðin lítið breyst. Hins vegar tók fjöldi bústaða miklum breytingum því ábúendur jarða leyfðu stundum byggingu þurrabúða í landi sínu en þessir íbúar urðu að treysta algjörlega á sjávarfang eða vinnu fyrir aðra.

Byggðin var nokkuð þétt og vel tengd saman því götur voru á milli allra bæja og allir vegir lágu til Garðalindar þangað sem íbúar sóttu vatn til fjóss og bæjar. Garðalindin var eina lindin sem aldrei þraut. Íbúar vörðust sífellt ágangi sjávar og voru meðal annars byggðir sjávarvarnargarðar, en sums staðar, til dæmis að Bakka hefur þurft að færa bæinn þrisvar sinnum frá sjónum svo vitað sé.

Á Álftanesi, þ.m.t. Garðahverfi, voru karlar fleiri en konur en annars staðar á Íslandi voru konur um fimmtungi fleiri. Ástæðan gæti legið í mikilli sjósókn en hún var aðallega stunduð af karlmönnum. Sérstaða Álftaness var ennfremur fólgin í yngri aldurssamsetningu íbúa en annars staðar á landinu.

Hlutfall barna 10 ára og yngri var mun hærra en landsmeðaltalið. Það bendir til þess að sjávarafllinn hafi ef til vill dregið úr sulti og harðindum og lífslíkur ungbarna því verið meiri.

Segja má að blómatími Álftaness hafi verið á 19. öld. Íbúum fjölgaði þar meira en annars staðar á landinu og útgerð og verslun blómgaðist. Þar sem möguleikar voru á útræði byggðust upp litlir byggðarkjarnar og voru t.d. sex býli í kringum Dysjar og 32 manns skráðir þar til heimilis. Í manntalinu 1845 eru flestir heimilisbændur skráðir bændur með grasnytjar eða fiskarar og ljóst að allmargir stunduðu hvoru tveggja. Íbúum fækkaði svo aftur eftir aldamótin 1900 í kjölfar sóknar breskra togara á miðin og hruns í fiskveiðum. Þilskipaútgerðin og síðar togaraútgerðin leiddi síðan til fólksflutninga til aðalútgerðarstaðanna og á skömmum tíma fjölgaði íbúum Hafnarfjarðar úr 374 í 1351. Margt af því fólki sem þangað flutti var þurrabúðafólk úr Garðahverfi og Bessastaðahreppi.

Minjar í Garðahverfi á Álftanesi eru einstakar og menningarlandslagið sem þar hefur varðveist er fáséð. Hægt er að rekja rætur byggðarinnar aftur á miðaldir hið minnsta og þar er að finna margt



Allar götur lágu til Garðalindar, sem aldrei þraut.




Sýnileg vör við Garðafjöru


¹ Þjóðskjalasafn Íslands, Manntal 1703.

merkilegra minja m.a. um sjósókn, samgöngur, búskap, skólahlald, trúarlíf og jafnvel réttarsögu. Byggðin var girt af með hlöðnum gördum en mikið grjót er á holtinu sem hægt var að nýta í bæði byggingar og garðagerð. Varnargarður var gerður meðfram sjönunum og hinn mikli Garðatúngarður teygði sig frá Balatjörn í suðaustri, um Desjamýri og Garðaholt, til Skógtjarnar í norðvestri. Fleiri dæmi má taka um minjar sem þarna má finna, bæjarhóla, varir, brunna, útihús, garða, stekki, fjárrétt, fjárborg, gerði, kirkjugarð, aftökustað, steina með áletrunum og fornar leiðir. Auðveldlega má sjá rústir Hausastaðaskóla sem reistar var árið 1759 og var sérstaklega ætlaður almúgabörnum.²

Í Garðahverfi hefur bæði verið stundaður landbúnaður og útræði en flest bylin eru landlítill. Byggðin, sem var orðin svo þétt, að visir var kominn að litlu þorpi, var girt af með gördum og varnargarðar lágu með sjönunum. Hér má sjá túnakort frá 1918 sem sýnir byggðina eins og hún er í upphafi 20 aldar.



Á myndinni hér fyrir neðan má skráðar fornleifar á svæðinu. Þær eru merktar inn með gulum punktum.




² Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner (2004). Garðahverfi, fornleifaskráning 2003. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Hér fyrir neðan má sjá loftmynd frá árinu 1953 og svo loftmynd sem sýnir byggðamynstrið í dag til samanburðar.



Á kortinu hér fyrir neðan er merkt inn húsnæði í núverandi ábúð og einnig býli eða bústaðir sem skráð voru í fornleifakönnun.



3. Byggðin

Í þessari húsakönnun er fjallað um 62 byggingar, þar af 16 íbúðarhús, kirkju og samkomuhús. Önnur mannvirki eru útihús, bílskúrar og geymslur.



Í Garðahverfi er búið á 14 bæjum og íbúar eru um 20. Á svæðinu hafa verið stundaðir blandaðir atvinnuhættir, landbúnaður og sjósókn auk annarra starfa. Garðakirkja er í miðri byggðinni og bæirnir, fyrrum hjáleigur Garða, þar í kring. Bæirnir voru hjáleigur Garðakirkju en nú er landið í eigu Garðabæjar.



3.1. Aldur húsa

Samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 80/2012 lög um minjavernd eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð. Elsta húsið á svæðinu er Garðakirkja frá 1879 og því friðuð vegna aldurs sem og samkomuhúsið Garðaholt frá 1910 og íbúðarhúsið á Hausastaðakoti (Grjóti) frá 1909. Samkvæmt lögnum er óheimilt „að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“. Að auki er eigendum húsa og mannvirkja sem byggð eru fyrir 1925 skylt að leita álits Minjastofnunar með minnst 6 vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Á eftirfarandi korti má sjá yfirlit yfir aldur húsanna í Garðahverfi skipt eftir aldri.



3.2. Útlit húsa

Byggðin ber yfirbragð þéttar dreifbýlisbyggðar með langa sögu og endurspeglar jafnframt það byggðamynstur sem einkenndi höfuðborgarsvæðið fyrir borgvæðingu þess. Bæjarforfur dreifast nokkuð jafnt um svæðið og á þeim eru oft litlir klasar íbúðar- og útihúsa, umkringdir túnnum, sem umkringd eru gördunum sem eru svo einkennandi fyrir svæðið. Þessi umgjörð skapar menningarlandslag svæðisins sem hefur greinilega sérstöðu á höfuðborgarsvæðinu í dag og jafnvel þó víða væri leitað.

Stærstu og íburðarmestu byggingarnar eru jafnframt elstar, Garðakirkja og Garðaholt. Aðrar eldri byggingar eru fremur látlausar alþýðubyggingar, oft litil og lágreist tréhús, klædd bárujárn. Stíll flestra húsanna endurspeglar upprunalegt útlit. Þó er nokkuð algengt að byggt hafa verið við húsin eða þau bætt með einhverjum hætti í samræmi við upprunalegan stíl. Húsin eru í misgöðu standi og sum þarfnast greinilega nokkurs viðhalds. Nokkrum húsanna eru þó vel við haldið og er Krókur dæmi um vel heppnað uppgert hús.

Yngri húsin eru flest úr steinsteypu, í ýmsum stílum og yfir það heila nokkuð látlaus.

3.3. Horfin hús og mannvirki

Víða eru minjar um hús sem horfið hafa, þó misgreinilegar. Samkvæmt forleifakönnun³ hafa mörg býli lagst niður nærri sjónum. Erfitt er segja til um hvers konar byggingar það hafi verið, en leiða má líkum að því að mörg þeirra hafi verið litil tómthús, byggð af litlum efnum.

Bóndabæir frá fyrri tíð hafa margir hverjir verið torfbæir og svipað kannski helst til þeirrar húsagerðar sem bæjarhúsið Krókur endurspeglar. Einnig hafa ýmis mannvirki s.s. varir, búðir og túngarðar horfið með tímanum og strandlína færst ofar í landið með landbroti sjávar.

³ Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner (2004). Garðahverfi, fornleifaskráning 2003. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

4. Varðveislumat


Við mat á varðveislugildi byggðar er byggt á leiðbeiningum um gerð bæja- og húsakannana sem Húsafríðunarnefnd gaf út árið 1996. Niðurstaða húsakönnunarinnar er að varðveislugildi Garðahverfis sem heildstæðrar byggðar á fornum grunni er mjög mikið. Varðveislugildi einstakra bæja er einnig mikið, sérstaklega þeirra sem hafa yfirbragð sveitabæja á fyrri hluta 20. aldar.

Mikið af minjum hafa varðveist í Garðahverfi en það er sérstakt að svona stórt svæði sé að mestu óhreyft, ásamt strandlengjunni þar sem áður var útræði. Í samantekt fornleifaskráningar Þjóðminjasafnsins⁴ er bent á að elstu minjarnar í Garðahverfi séu líklega frá landnámi og á síðmiðöldum hafi þarna líkast til staðið visir að þorpi. Menningarlandslagið í Garðahverfi, þar sem saman koma innbyrðis tengsl manngerðra minja, náttúrufars og sögu, myndar verðmæta heild. Slík heild hefur áhrif á varðveislugildi húsa á svæðinu og segir sögu byggðar á svæðinu. Fornminjar á svæðinu eru auk þess óvenju margar miðað við stærð svæðisins sem kallar á gott eftirlit, bæði við gerð skipulags og þegar framkvæmdir hefjast.

Einstök hús hafa mörg umtalsvert varðveislugildi, þó það sé mismunandi mikið og þá yfirleitt vegna menningarsögulegs gildis. Garðakirkja hefur mest varðveislugildi út frá sjónarmiði sögu og byggingarlistar. Inn á milli eru einstakar byggingar sem láta ekki mikið yfir sér en fá háa einkunn við varðveislumat og má þar nefna braggann í Pálshúsum vegna sögulegs gildis eða bæjarhúsin á Görðum sem gott dæmi um sveitabæ sem byggður hefur verið eftir teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins.

Á eftirfarandi korti má sjá niðurstöðu varðveislumats fyrir Garðahverfi.

Þrjár byggingar eru friðaðar; íbúðarhúsið Hausastaðakoti, Garðakirkja og Garðaholt. Ekki er lagt til að vernda með hverfisvernd einstök hús, húsaðir og götumyndir í deiliskipulagi. Lagt er til að vernda samstæður húsa eða heildir í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra. Það er hér talið eiga við um byggingar á öllum bæjum í Garðahverfi nema nýbylin Breiðholt, Krók 2, Grund og Nýabæ 2. Þá er ekki lagt til að vernda með hverfisvernd byggingar sem eru innan við hálftrar aldar gamlar svo sem bílskúr við Pálshús, Nýjabæ og Vestri Dysjar.



⁴ Sjá Þjóðminjasafn Íslands, 2004. Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. Reykjavík.

5. Húsin

Í þessum kafla er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar út frá mikilvægi einstakra húsa innan hennar. Fyllt var út skráningareiðublað úr gagnagrunni Húsafriðunarnefndar fyrir hvert hús á svæðinu og birtast þau hér á síðunum á eftir.


Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Kirkja

Hönnun



2013



Garðakirkja, eldra útlit reist 1880

Upphafleg gerð húss

Tegund	Hlaðið úr steini
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðin í múr
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

1953 Endurbygging

Hönnuðir breytinga

Ragnar Emilsson

Saga

Garðakirkja er á einum elsta kirkjustað landsins og var upphaflega hlaðin úr grjóti úr holtinu.

Garðakirkja var vegleg kirkja á sögufrægum stað og reist 1879-1880. Þegar ný kirkja var vígð í Hafnarfirði 1914 var Garðakirkja formlega lögð niður. Árið 1916 var kirkjan orðin hrörleg, einhver viðgerð fór þá fram á kirkjunni en dugði lítt. Þegar farið var að óttast að turninn hryndi var hann rifinn, þakið tekið af og allt rífið inn úr kirkjunni innan veggja. Kirkjan lét því mjög á sjá með árunum og þegar ákveðið var að endurbyggja hana 1953 hafði hún verið rústir einar að heita má í aldarfjórðung. Turni var bætt við í endurbyggingu eftir 1953.

Varðveislumat

Byggingarlist	Kirkjan er nokkuð hefbundin, kirkjuskip með turnhúsi og gluggar bogadregnir. Kirkjuhúsið hvítt með rauðu þaki
Menningarsögulegt gildi	Kirkjan stendur á sögufrægum stað. Elsta byggingin í hverfinu.
Umhverfisgildi	Kirkjan er miðpunktur svæðisins, ásjón hverfisins er bundinn henni, sveitakirkja í landbúnaðarlandslagi, tengd
Upprunaleiki	Við endurgerð hússins var haldið í útveggi kirkjuskipsins og útlit glugga. Útliti glugga er haldið ánýjum turni
Ástand	Ástand hússins er gott og í góðu viðhaldi.
Varðveislugildi	Varðveislugildi er hátt, bæði vegna aldurs og mikilvægis fyrir stað og sögu.

Niðurstaða varðveislumats:

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



Afstöðumynd



2010

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft
	Bílskúr
	Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er ungt en er eina húsið á svæðinu sem ber sterk einkenni byggingar íbúðarhúsa í dreifbýli Íslands milli 1965 og 1970. Á lóð við íbúðarhúsið er bílskúr og þar skamt frá 2 hesthús.

Varðveislumat

Byggingarlist	Dæmi um steinsteypt hús byggt á sjöunda áratug síðustu aldar.
Menningarsögulegt gildi	Nýbýli.
Umhverfisgildi	Nýbýli í fornu landbúnaðarlandslagi
Upprunaleiki	-
Ástand	Gott
Varðveislugildi	

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi
Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Loftmynd 2010



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Tvílyft Kjallari Ris Útitróppur Geymsla Bílskúr Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Dysjar er lögbýli og er nefnt meðal Garðakirkjujarða árið 1397. Hjáleigur voru við Dysjar. Dysjar er syðsta jörðin í Garðahverfi.

Varðveislumat

Byggingarlist	Háreist timburhús, mjög áþekkt mörgum íbúðarhúsum frá þessum tíma til sveita.
Menningarsögulegt gildi	Á jörðinni hefur verið búskapur lengi.
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með útihúsum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Ytra ástand húss ágætt.
Varðveislugildi	

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Gripahús

Hönnun



Loftmynd 2010



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Geymsla Bílskúr Hlaða Einlyft Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Dysjar er lögbýli og er nefnt meðal Garðakirkjujarða árið 1397. Hjáleigur voru við Dysjar. Dysjar er syðsta jörðin í Garðahverfi. Fjósið er útihús á bænum Dysjar.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt timburútihús.
Menningarsögulegt gildi	Fjós, er ekki nýtt lengur sem slíkt.
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Ytra ástand húss ágætt.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Gripahús

Hönnun



Loftmynd 2010



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Geymsla Bílskúr Hlaða Einlyft Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Dysjar er lögbýli og er nefnt meðal Garðakirkjujarða árið 1397. Hjáleigur voru við Dysjar. Dysjar er syðsta jörðin í Garðahverfi. Fjárhúsið stendur fast undan fjósinu.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt útihús.
Menningarsögulegt gildi	-
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Ytra ástand húss ágætt.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi
Hönnun

Upphafleg notkun Hlaða



Lofmynd 2010



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Geymsla Bílskúr Einlyft Gripahús Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Dysjar er lögbýli og er nefnt meðal Garðakirkjujarða árið 1397. Hjáleigur voru við Dysjar. Dysjar er syðsta jörðin í Garðahverfi. Hlaðan er útihús á bænum Dysjar.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt steinsteypt útihús
Menningarsögulegt gildi	-
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Ytra ástand húss ágætt.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Geymsla

Hönnun



Loftmynd 2010



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Bílskúr
	Einlyft
	Geymsla
	Gripahús
	Hlaða

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Dysjar er lögbýli og er nefnt meðal Garðakirkjujarða árið 1397. Hjáleigur voru við Dysjar. Dysjar er syðsta jörðin í Garðahverfi. Véla- og verkfærageymsla, sambyggð fjósi og tengd við íbúðarhús

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt klætt steinsteypt hús
Menningarsögulegt gildi	-
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Ytra ástand húss ágætt.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.



Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Gripahús

Hönnun



Upphafleg gerð húss

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund

Klæðning

Pakgerð

Pakklæðning

Undirstaða

Útlit

Saga

Fjárhús, horfin. Voru staðsett við ströndina, austur af Dysjum. Er skráð hjá FMR (matshluti 07).

Rústir hússins sjást á loftmyndinni fyrir miðri mynd.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi -

Umhverfigildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft
	Ris
	Bílskúr
	Gripahús
	Hlaða

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Íbúðarhúsið að Vestri Dysjum

Íbúðarhúsið og bílskúrin eru yngri en frá 1950 en útihúsin eru eldri. Byggð hefur verið lengi á Vestri Dysjum.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt steinsteypt hús.
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús, búskapur hefur lengir verið að Dysjum.
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Bílskúr

Hönnun



2012

Upphafleg gerð húss**Helstu breytingar****Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyp
Útlit	Einlyft
	Gripahús
	Hlaða

Saga

Bílskúr við bæinn Vestri Dysjar.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Gripahús

Hönnun



2013



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft
	Bílskúr
	Hlaða

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Fjánhús við bæinn Vestri Dysjar.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt timburhús, útihús
Meningarsögulegt gildi	Hluti af húsum tengdum búskaparháttum
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Farið að láta á sjá.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Hlaða

Hönnun



2013



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinbær
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft
	Bílskúr
	Gripahús

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Hlaða við bæinn Vestri Dysjar.

Útihús hafa verið áföst hlöðunni en nú standa bara útveggir eftir eða ummerki á gafli um útihúsin.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt timburhús, útihús
Menningarsögulegt gildi	Hluti af eldri búskaparháttum
Umhverfisgildi	Mikilvægt hús í umhverfi sínu, myndar heild með öðrum húsum á bænum, hluti af landbúnaðarlandi.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Farið að láta á sjá.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



2013



2010

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvílyft
	Gripahús
	Hlaða
	Útitróppur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Garðar er annað af tveimur fyrrum megin höfuðbólum á Álftanesi. Hitt eru Bessastaðir. Bæjarstæðið í Görðum kann að geyma leyfar frá landnámi.

Búskap var hætt um 1968 en útihús eru nýtt sem geymslur.

Núverandi íbúðarhús er frá 1935 en áður stóðu þarna eldri hús. Garðar er gott dæmi um sveitabæ sem byggður hefur verið eftir teikningum frá Teiknistofu landbúnaðarins.

Suðaustan við íbúðarhúsið eru útihúsin sem með íbúðarhúsinu mynda byggingarheild á bæjartorfunni.

Matsnr. 02 0101

Hverfið ber nafn Garða, Garðahverfi.

Stundum var talað um Garðatorfuna. Í Hrafnkels sögu Freysgoða eru Garðar á Álftanesi orðnir til þegar á 10. öld.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt steinsteypt hús
Menningarsögulegt gildi	Mikil saga tengd bæjarstæðinu, löng saga um byggð á Görðum.
Umhverfisgildi	Bæjarmynd með útihúsum, nálægð við Garðakirkju.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Gott
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Gripahús

Hönnun



2012



Loftmynd fmr.is

Upphafleg gerð húss

Tegund	Hlaðið úr holsteini
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft
	Hlaða

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Fjós sambyggt við hlöð við bæinn Garða.

Varðveislumat

Byggingarlist	Alþýðuhús, án mikilla byggingarlistarlegra sérkenna.
Menningarsögulegt gildi	Fjós, nú geymsla
Umhverfisgildi	Mikilvægt í heildarmyndinni á bæjartorfu Garða
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Þarfnast málunar
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi
Hönnun

Upphafleg notkun Hlaða



2012

Loftmynd fmr.is

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Hlaða, sambyggð við fjós við bæinn Garða.

Varðveislumat

Byggingarlist	Alþýðuhús, án mikilla byggingarlistarlegra sérkenna.
Menningarsögulegt gildi	Hlaða
Umhverfisgildi	Mikilvægt í heildarmyndinni á bæjartorfu Garða
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Þarfnast málunar
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Hönnun

Upphafleg notkun Skólahús



2010

fmr.is

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Tvílyft
	Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Garðaholt var upphaflega skólahús og þinghús íbúa í Garðahreppi, reist á árunum 1908 - 1911.

Kvenfélag Garðabæjar sér um rekstur hússins, sem leigt er fyrir margs konar félagastarfsemi, árshátíðir, veislur og hvers konar samkomur aðrar en almenna dansleiki, en salur hússins rúmar um 120 gesti í sæti.

Friðað vegna aldurs skv. lögum nr. 80/2012. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisuleg bygging, góð hlutföll, góð samsvörun í útliti
Menningarsögulegt gildi	Upphaflega reist sem skóli og þinghús.
Umhverfisgildi	Mikilvægur hluti heildar, gamallar byggðar í Garðaholti
Upprunaleiki	Gluggar, yfirborð útveggja og þaka, upprunalegt, gæði breytinga mikil.
Ástand	Ytra ástand gott.
Varðveislugildi	9

Niðurstaða varðveislumats:

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun Annað

Hönnun



Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Sumarhús sem nú er nýtt til heilsársbúsetu. Nýbýli frá 1964.
Húsið er byggt ofan á steinsteypt skotbyrgi frá síðari heimsstyrjöldinni.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt timburhús
Meningarsögulegt gildi	Sumarhús, nýtt sem heilsárhús. Reist á rústum skotbyrgis úr síðari heimstyrjöldinni
Umhverfisgildi	Gæði lóðar vegna legu húss í trjálundi, fellur vel að umhverfi
Upprunaleiki	
Ástand	Virðist gott.
Varðveislugildi	

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



2013



fmr.is

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft
	Bílskúr

Helstu breytingar

1978 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Guðjón Torfi

verkfræðingur

Saga

Nýbýlið Grund.

Varðveislumat

Byggingarlist	Ágætt hús sinnar gerðar og vel við haldið
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús
Umhverfisgildi	Trjálundur í garðinum. Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Virðist gott.
Varðveislugildi	Hefur ekki sérstakt varðveislugildi.

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Bílskúr

Hönnun



2013

Upphafleg gerð húss**Helstu breytingar****Hönnuðir breytinga**

Tegund	Timbur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft

Saga

Bílskúr við íbúðarhúsið að Grund

Varðveislumat**Byggingarlist****Menningarsögulegt gildi** Bílskúr**Umhverfisgildi****Upprunaleiki****Ástand****Varðveislugildi** Hefur ekki sérstakt varðveislugildi.**Niðurstaða varðveislumats:**

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



2010



fmr.is

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Íbúðarhúsið að Hausastöðum.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt alþýðuhús
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús
Umhverfisgildi	Hluti af landbúnaðarlandslagi, fábrotið
Upprunaleiki	Viðbygging, ytra að mestu óbreytt.
Ástand	Þarfnast viðhalds, málunar og endurnýjunar.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



2010



2010 - lítil geymsla í garðinum

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðin í múr
Útlit	Hlaða Einlyft Port Kjallari Geymsla Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Íbúðarhúsið í Hausastaðakoti.

Húsið er friðað skv. ákvæðum laga nr. 80/2012. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt alþýðuhús
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús, löng saga búsetu
Umhverfisgildi	Hluti menningarlandslags.
Upprunaleiki	Form og útlit húss hefur haldist vel þrátt fyrir viðbyggingu.
Ástand	Ágætt.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Hlaða

Hönnun

Gripahús



2010

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft
	Hlaða
	Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Sambyggð hlaða, geymsla (206-8915) og rústir af hlöðu. Ekki lengur í landbúnaðarnotum.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einfalt byggingarlag
Meningarsögulegt gildi	Hlaða og útihús
Umhverfisgildi	Hluti landbúnaðarlandslags.
Upprunaleiki	Útlit hússins nálægt upprunalegu útliti.
Ástand	Ágætt en mætti við viðhaldi.
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Hönnun



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft
	Ris
	Kjallari
	Hlaða
	Geymsla
	Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Íbúðarhúsið að bænum Hlíð.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisulegt íbúðarhús
Menningar sögulegt gildi	Íbúðarhús á býli með langa búskaparsögu.
Umhverfisgildi	Menningarlandslag og búsetulandslag, löng saga um byggð
Upprunaleiki	Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð
Ástand	Þarfnast viðhalds
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi

Upphafleg notkun

Gripahús

Hönnun

Hlaða



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Sambyggt fjós við hlöðu og votheysgryfju.

Hlaðan er meginbyggingin og stærst. Fjósið er henni við hlið með skúrþaki.

Varðveislumat

Byggingarlist	Einföld útihús, háreist hlaða en aðrar byggingar lágreistari.
Menningarsögulegt gildi	Útihús á býli með langa búskaparsögu.
Umhverfisgildi	Hluti af menningar- og búsetulandslagi fyrri hluta 20. aldar.
Upprunaleiki	Form og útlit húsa hefur haldist.
Ástand	Þarfnast viðhalds
Varðveislugildi	Varðveislugildi vegna yfirbragðs byggðar.

Niðurstaða varðveislumats:

